

# Sjálfsmat



leikskólans Birkilundar

**veturinn 2016-2017**

## Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður .....	3
Inngangur .....	4
Um leikskólann Birkilund.....	5
Húsnæði.....	6
Nemendur .....	7
Starfsmenn .....	8
Sjálfsmat .....	8
Sjálfsmatsáætlun .....	10
Sjálfsmat og lykilþættir 2015-2016 .....	12
Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans.....	12
Árangursvísir 5.1. <b>Starfsandi</b> .....	12
Árangursvísir 5.2. Jafnrétti og réttýni .....	13
Árangursvísir 5.3. Samvinna við foreldra .....	13
Árangursvísir 5.4. Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir .....	14
Árangursvísir 5.5. Samvinna starfsfólks.....	15
Lykilþáttur 6 Námsumhverfi leikskólans .....	16
Árangursvísir 6.1. Húsnæði og almennur búnaður .....	16
Árangursvísir 6.2. Framboð námsgagna .....	17
Árangursvísir 6.3. Ráðning og hæfni starfsfólks .....	17
Árangursvísir 6.4. Starfsþróun og endurmat .....	18
Endurmat á þróunaráætlun 2015-2016 .....	19
Þróunaráætlun vegna innara mats í Birkilundi veturinn 2016-2017.....	21
Eftirfylgni .....	28
Niðurstöður úr foreldrakönnun.....	28

[Steinunn Arnljótsdóttir](#)

## Helstu niðurstöður

Leikskólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni innra mats í Birkilundi. Allt starfsfólk leikskólans tók þátt í matinu sem fór fram á starfsmannafundum og starfsdögum. Nýttur var gæðagreinirinn *Barnið í brennidepli*. Foreldrakönnun var lögð fyrir í mars.

Niðurstöður mats í hverjum þætti gæðagreinisins var með eftirfarandi hætti:

### Lykilþáttur 5: Vinnusiðfræði leikskólans

5.1. Starfsandi	5.2. Jafnrétti og réttisýni	5.3. Samvinna við foreldra	5.4. Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir	5.1. Samvinna starfsfólks
Einkunn: 5	Einkunn: 5	Einkunn: 5	Einkunn: 5	Einkunn: 5

### Lykilþáttur 6: Námsumhverfi leikskólans

6.1. Húsnæði og almennur búnaður	6.2. Framboð námsgagna	5.3. Ráðning og hæfni starfsfólks	5.4. Starfsþróun og endurmat
Einkunn: 4	Einkunn: 4	Einkunn: 5	Einkunn: 5

Þróunaráætlun 2015-2016 var endurmetin og uppfærð ásamt því að inn í hana bættust þær aðgerðir sem tillögur komu um við mat á lykilþáttum. Áætlað er að þróunaráætlunin sé í stöðugu endurmati og uppfærð reglulega svo að hún skili sem bestum árangri.

Niðurstöður matsins sýna að starfsfólk telur vinnusiðfræði leikskólans góða, þó þar sé alltaf einhver atriði sem hægt er að bæta. Miklar athugasemdir komu fram varðandi húsnæðið. Var það bæði varðandi rými og viðhald.

Í foreldrakönnun kom fram að foreldrar eru almennt ánægðir með leikskólann. Það kom þó fram nokkur óánægja með húsnæði og aðstöðu og upplýsingamiðlun.

## Inngangur

Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Mat á leikskólastarfi skiptist í innra og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum leikskólans en ytra mat af utanaðkomandi aðilum eins og sveitarfélaginu eða menntamálaráðuneytinu. Samkvæmt 17.gr. laga um leikskóla ber öllum leikskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Í Birkilundi tekur allt starfsfólk þátt í innra matinu. Auk þess eru foreldrakannanir lagðar fyrir á tveggja til þriggja ára fresti. Ekkert kerfisbundið mat er með þátttöku barna en upplifun þeirra og ánægja er hluti af því sem starfsfólk tekur með sér inn í umræðuna. Leikskólinn birtir niðurstöður innra matsins árlega.

Tilgangurinn með sjálfsmati er að kanna hvort markmiðum leikskólans hafi verið náð, greina veika og sterka þætti í leikskólastarfinu og leggja þannig grunn að umbótum. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Sjálfsmat er því góð leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti leikskólans. Þannig leggur sjálfsmatið grunn að því að gera góðan skóla enn betri.

Til þess að mat uppfylli viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Við matið í Birkilundi er notaður gæðagreinir sem heitir *Barnið í brennidepli*. Þetta er skosk matsaðferð sem er þýdd og staðfærð af Hildi Skarphéðinsdóttur. Barnið í brennidepli á að hjálpa starfsfólki leikskóla að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipta starfsfólks, foreldrasamstarfs og stjórnunar. Gert er ráð fyrir að hver þáttur sé metinn á a.m.k. þriggja ára fresti.

## Um leikskólann Birkilund

Starf Birkilundar mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í Aðalnámskrá leikskóla, Skólastefnu sveitarfélagsins Skagafjarðar, sérstökum áherslum/stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi leikskólans og þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótar viðhorf kennaranna og starf.

Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að lítil börn læra og þroskast best í leik. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og er jafnframt helsta kennsluaðferð í leikskólanum.

Markmið með starfinu í Birkilundi er að vinna með umhverfið og náttúruna, styðja við frjálsan leik, bjóða upp á hreyfingu, útiveru og hollt mataræði, efla félagslega færni, styðja við málörvun og málskilning og örva skapandi starf.

Til þess að ná þessum markmiðum er á hverjum degi gefinn góður tími fyrir sjálfspróttinn leik, boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til að vinna með og unnið er með sérstök viðfangsefni í minni hópum. Tákn með tali er notað í daglegu starfi leikskólans (sjá nánar á [tmt.is](http://tmt.is)). Unnið er með Stig af stigi í elstu árgöngunum (upplýsingar á netinu á [reynismenn.is](http://reynismenn.is)). Útivera er daglega og lögð er áhersla á hollt mataræði.

Til þess að tryggja vellíðan barnanna í leikskólanum höfum við ákveðnar reglur og ramma um starfið. Það skapar öryggi hjá börnunum að vita að hverju þau ganga.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun sem hvetur þau áfram til jákvæðrar hegðunar. Þetta leiðir einnig til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.

### Húsnæði

Leikskólinn Birkilundur tók til starfa í nýbyggðu húsnæði að Furulundi 3 í Varmahlíð í janúar 1999. Húsnæðið varð fljótt of lítið og haustið 2004 fékk leikskólinn til afnota Furulund 5, sem er 50 fm hús sem stendur við hornið á leikskólagarðinum. Þrátt fyrir þessa viðbót annað leikskólinn ekki eftirspurn og í mars 2016 var tekin í notkun deild í húsnæði þar sem áður var pósthús í Varmahlíð. Hlaut sú deild nafnið Reyniland. Þegar búið var að taka inn þau börn sem voru á biðlistanum var heildarfjöldinn í leikskólanum orðinn 45, þar af voru 11 börn á Reynilandi. Þar sem færri börn þurftu leikskólaláss í haust var tækifærið nýtt til þess að fækka börnum á Könglalandi niður í 15, en það er hæfilegur barnafjöldi miðað við stærð deildarinnar. Áður höfðu verið þar 22 börn og u.þ.b. þriðjungur þeirra fór út af deildinni kl 9:00 og kom aftur um hádegi. Skapaði það mikil þrengsli og álag í hádegistímanum og þar til börnin voru komin út. Það var mikill léttir fyrir börn og starfsfólk að fá meira rými og losna við þá kvöð að einhver þyrfti alltaf að fara út af deildinni að morgni. Furulundur 5 hefur eingöngu verið notaður af og til í hópastarfi í vetur og auk þess fyrir foreldraviðtöl og leikskólastjórafundi.

Í desember 2013 gerði Vinnueftirlit ríkisins úttekt á leikskólanum. Gerðar voru ýmsar athugasemdir sem bætt hefur verið úr að stórum hluta. Eftir stendur ófullnægjandi aðstaða starfsmanna sem eftir er að bæta úr. Ekki er möguleiki að koma því í viðunandi horf nema leikskólinn fái meira rými til afnota.

Eldhúsið í Birkilundi er of lítið til þess að þar sé hægt að starfrækja mötuneyti fyrir 50 manns. Frá hausti 2011 hefur leikskólinn fengið hádegismat úr mötuneyti Varmahlíðarskóla. Til að byrja með var eldað í Birkilundi þá daga sem ekki var eldað í mötuneytinu. Eftir að börnunum fjölgaði síðastliðið sumar var brugðið á það ráð að fá mat frá K.S.Varmahlíð þá daga sem ekki var eldað í mötuneyti Varmahlíðarskóla. Ekki tókust samningar um áframhald á því þetta árið og var mikil óvissa í vor um hvernig tækist að leysa úr þeim málum. Leit út fyrir að það yrði að elda í

Birkilundi þrátt fyrir aðstöðuleysi þar. Rættist þó úr málum í byrjun júní þegar kona fékkst til að elda fyrir leikskólann í eldhúsi Varmahlíðarskóla. Það voru 8 dagar sem eldað var í Birkilundi og þurfti mikla yfirlegu og útsjónarsemi til þess að finna út hvað væri hægt að bjóða upp á þessa daga. Var það því mikil bót að það tókst að finna aðila sem var tilbúinn til að sjá um eldamennskuna í eldhúsi Varmahlíðarskóla. Nauðsynlegt er að finna varanlega lausn á mótuneytismálum Birkilundar.

#### Nemendur

Fyrsta desember voru 38 nemendur í leikskólanum. Tvö börn hættu í lok desember en ný börn komu inn í febrúar og mars. Frá 15. mars voru 39 börn í leikskólanum Birkilundi og þar með öll rými nýtt.

Nemendafjöldi 1. desember eftir árgöngum

Árgangur	Nemendafjöldi
2011	7
2012	10
2013	5
2014	8
2015	8
<b>Samtals</b>	<b>38</b>

Nemendafjöldi 16. mars eftir árgöngum

Árgangur	Nemendafjöldi
2011	6
2012	10
2013	5
2014	8
2015	9
2016	1
<b>Samtals</b>	<b>39</b>

### Starfsmenn

Leikskólastjóri er Steinunn Arnljótsdóttir sem er í 100% starfshlutfalli. Staðgengill leikskólastjóra er Sigríður Helgadóttir.

Deildarstjórar eru Kolbrún Jónsdóttir á Könglalandi, Sigríður Helgadóttir á Kvistalandi og Guðbjörg Sigfúsdóttir á Reynilandi.

Samtals eru 13 starfsmenn í 11,03 stöðugildum og auk þess einn afleysingastarfsmaður sem kemur inn í tímavinnu af og til eftir þörfum.

### Starfsheiti og stöðugildi

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall %
Leikskólastjóri	1	100
Deildarstjóri/leikskólakennari	3	290
Leikskólakennari	1	80
Leikskólaleiðbeinandi B	1	100
Leikskólalíði	2	140
Leiðbeinandi	3	255
Ræsting/afleysing	1	53/25
Matráður	1	60
<b>Samtals</b>	<b>13</b>	<b>11,03 stöðugildi</b>

### Sjálfsmat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Leikskólinn Birkilundur notar matslistann „Barnið í brennidepli“ við sjálfsmatið. Barnið í brennidepli miðar að því að hjálpa leikskólum við að meta eigin vinnu með árangursvísu sem eru ætlaðir til að finna sterka hliðar starfsins, finna þá þætti sem þarf að bæta og gera þróunaráætlanir í framhaldi af því og stuðla þannig að árangursríkri leikskóladvöl fyrir börnin. Starfinu er skipt upp í 7 lykilþætti, sem síðan er hverjum fyrir sig skipt upp í nokkra árangursvísa eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.



<b>Lykilþáttur</b>	<b>Árangurvísar</b>
1 Námskrá	Árangursvísir 1.1 – Uppbygging námskrár Árangursvísir 1.2 – Gæði áætlana Árangursvísir 1.3 – Gæði dagskipulags
2 Þroski og framfarir barnanna	Árangursvísir 2.1 – Framfarir barnanna í þroska og námi
3 Nám í gegnum leikinn	Árangursvísir 3.1 – Gæði náms í gegnum leikinn Árangursvísir 3.2 – Samskipti barna og starfsfólks Árangursvísir 3.3 – Að mæta þörfum barnanna Árangursvísir 3.4 – Mat og gagnasöfnun
4 Stuðningur við börn og fjölskyldur	Árangursvísir 4.1 – Samræmt uppeldisstarf Árangursvísir 4.2 – Samræmi uppeldis og menntunar Árangursvísir 4.3 – Stuðningur í uppeldi og námi Árangursvísir 4.4 – Stuðningur við börn með sérþarfir
5 Vinnusiðfræði leikskólans	Árangursvísir 5.1 – Starfsandi Árangursvísir 5.2 – Jafnrétti og réttisýni Árangursvísir 5.3 – Samvinna við foreldra Árangursvísir 5.4 – Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir Árangursvísir 5.5 – Samvinna starfsfólks
6 Námsumhverfi leikskólans	Árangursvísir 6.1 – Húsnæði og almennur aðbúnaður Árangursvísir 6.2 – Framboð námsgagna Árangursvísir 6.3 – Ráðning og hæfni starfsfólks Árangursvísir 6.4 – Starfsþróun og endurmat
7 Stjórnun	Árangursvísir 7.1 – Sjálfsmat Árangursvísir 7.2 – Markmið og stefnumörkun Árangursvísir 7.3 – Áætlun til aukins árangurs Árangursvísir 7.4 – Stjórnandinn Árangursvísir 7.5 – Virkni starfsfólks

Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-6 og er notaður eftirfarandi einkunnaskali:

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Samhent vinna við að bera kennsl á styrkleika og veikleika leikskólans hjálpar öllum aðilum við að móta skýra mynd af vinnunni, bæði með tilliti til núverandi stöðu og framtíðarstefnu. Sjálfsmatið getur þannig eftt og styrkt samvinnu og þróað leið til að virkja alla viðkomandi í starfi til umbóta í öllu leikskólastarfinu.

### Sjálfsmatsáætlun

Gert er ráð fyrir að hver lykilþáttur sé metinn á a.m.k. 3 ára fresti. Sett hefur verið upp áætlun sem sýnir hvenær hver lykilþáttur hefur verið metinn og hvenær gert er ráð fyrir að hann verið metinn næst. Inn í þessa áætlun hefur verið bætt mati á læsi, samkvæmt Lestrarstefnu Skagafjarðar sem gefin verður út í ágúst 2017. Þessi áætlun verður endurskoðuð við tilkønu nýs sjálfsmatslista „Hversu góður er leikskólinn okkar“ sem unnið er að þýðingu á og áætlað er að taka í notkun á næsta skólaári.

Leikskólastjóri hefur skipulagt sjálfsmatið og séð um skýrslugerð, en allt starfsfólk hefur tekið þátt í matinu ýmist í litlum hópum eða allir saman. Hefur þannig náðst að fá fram mismunandi sjónarmið sem oft hafa vakið upp góða umræðu og stuðlað að umbótum í starfinu.

## Barnið í brennidepli – áætlun

<b>Lykilþáttur 1. Námskrá</b>						
1.1	14.4.2009	7.9.2010	17.3.2015	17-18		
1,2	14.4.2009	3.5.2011	13.1.2015	17-18		
1.3	14.4.2009	3.5.2011	17.3.2015	17-18		
<b>Lykilþáttur 2. Þroski og framfarir barnanna</b>						
2.1	17.8.2009	3.5.2011	12.1.2016	18-19		
<b>Lykilþáttur 3. Nám í gegnum leikinn</b>						
3.1	26.11.2007	3.5.2011	28.1.2016	18-19		
3.2	26.11.2007	6.4.2010	28.1.2016	18-19		
3.3	26.2.2008	6.4.2010	Feb. 2016	18-19		
3.4	26.2.2008	5.6.2012	Feb. 2016	18-19		
<b>Lykilþáttur 4. Stuðningur við börn og fjölskyldur</b>						
4.1	25.3.2008	21.2.2012	Feb. 2016	18-19		
4.2	25.3.2008	29.5.2012	Feb. 2016	18-19		
4.3	25.3.2008	29.5.2012	Feb. 2016	18-19		
4.4	25.3.2008	29.5.2012	Feb. 2016	18-19		
<b>Lykilþáttur 5. Vinnusiðfræði leikskólans</b>						
5.1	29.4.2008	4.6.2012	1.11.2016	19-20		
5.2	29.4.2008	4.6.2012	1.11.2016	19-20		
5.3	29.4.2008	4.6.2012	1.11.2016	19-20		
5.4	25.8.2008	4.6.2012	30.1.2017	19-20		
5.5	25.8.2008	4.6.2012	30.1.2017	19-20		
<b>Lykilþáttur 6. Námsumhverfi leikskólans</b>						
6.1	14.4.2009	4.6.2012	4.4.2017	19-20		
6.2	14.4.2009	4.6.2012	7.3.2017	19-20		
6.3	14.4.2009	13.1.2015	7.3.2017	19-20		
6.4	14.4.2009	13.1.2015	7.3.2017	19-20		
<b>Lykilþáttur 7. Stjórnun</b>						
7.1	17.8.2009	13.1.2015	17-18			
7.2	17.8.2009	13.1.2015	17-18			
7.3	17.8.2009	13.1.2015	17-18			
7.4	17.8.2009	13.1.2015	17-18			
7.5	17.8.2009	13.1.2015	17-18			
<b>Læsi</b>						
1 k			17-18			
2 k			17-18			
3 k			17-18			
4 k			17-18			
5 k			17-18			
6 k			17-18			

## **Sjálfsmat og lykilþættir 2015-2016**

Matið fór fram á starfsmannafundum. Eftirfarandi þættir voru metnir: Lykilþáttur 5, árangursvísir 5.1, 5.2, 5.3, 5.4 og 5.5.; Lykilþáttur 6, árangursvísar 6.1, 6.2, 6.3 og 6.4. Þróunaráætlun 2015-2016 var endurmetin og uppfærð ásamt því að inn í hana bættust þær aðgerðir sem tillögur komu um við mat á lykilþáttum. Áætlað er að þróunaráætlunin sé í stöðugu endurmati og uppfærð reglulega svo hún skili sem bestum árangri.

### [Lykilþáttur 5 Vinnusiðfræði leikskólans](#)

#### Árangursvísir 5.1. **Starfsandi**

### **Heildareinkunn: 5**

#### **Matssamantekt:**

##### ***Sterku hliðarnar okkar:***

Hópur 1: Starfsfólkið vinnur vel saman og sýnir tillitsemi.

Hópur 2: Hrós mikið notað, góður andi.

##### ***Veiku hliðarnar okkar:***

Hópur 1: Gætum komið okkar sjónarmiðum betur á framfæri ef við erum óánægðar. Upplýsingaflæðið mætti vera betra. Starfsandi veikist ef álagið er mikið.

Hópur 2: Neikvæðni gagnvart fríum. Starfsmenn mættu vera duglegri að hrósa hver öðrum.

##### ***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

Hópur 1: Hafa góðan starfsanda og jákvæð samskipti.

Hópur 2: Góð samskipti við foreldra og börn. Góður starfsandi.

##### ***Tillögur um aðgerðir:***

Hópur 1:

Hópur 2: Hafa alltaf nægilega mannað til þess að sinna börnunum og þeim störfum sem þarf.

##### ***Þátttakendur í mati:***

Hópur 1: *Sigga, Selma, Fanney, Hanna, Gugga og Kolla*

Hópur 2: *Hafdís, María, Eva, Bogdís og Steinunn*

### **Dags. 1.11.2016**

Árangursvísir 5.2. Jafnrétti og réttssýni

**Heildareinkunn: 5**

**Matssamantekt:**

**Sterku hliðarnar okkar:**

Hópur A: Við erum opnar fyrir margbreytileika lífsins og tökum yfir höfuð vel á hlutunum.

Hópur B: Við sýnum jafnrétti og virðingu, metum að verðleikum og styðjum foreldra.

**Veiku hliðarnar okkar:**

Hópur A: Við getum alltaf bætt okkur.

Hópur B: Gætum sinnt betur barni með annað tungumál.

**Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:**

Hópur A:

Hópur B: Taka tillit til ólíkra einstaklinga, sýna jafnrétti og virðingu, meta að verðleikum og styðja foreldra.

**Tillögur um aðgerðir:**

Hópur A:

Hópur B: Sinna betur barni með annað tungumál.

**Þátttakendur í mati:**

Hópur 1: Sigga, Selma, Fanney, Hanna, Gugga og Kolla

Hópur 2: Hafdís, María, Eva, Bogdís og Steinunn

**Dags. 1.11.2016**

Árangursvísir 5.3. Samvinna við foreldra

**Heildareinkunn: 5**

**Matssamantekt:**

**Sterku hliðarnar okkar:**

Hópur A: Við erum alltaf tilbúnar að aðstoða og ráðleggja foreldrum og stuðla að góðum samskiptum.

Hópur B: Góð samvinna við foreldra.

**Veiku hliðarnar okkar:**

Hópur A: Getum alltaf bætt okkur.

Hópur B: Gætum kynnt SMT betur fyrir foreldrum.

**Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:**

Hópur A: Góð samvinna við foreldra.

Hópur B: Góð samvinna við foreldra.

**Tillögur um aðgerðir:**

Hópur A:

Hópur B: Setja SMT myndir inn á heimasíðu. Uppfæra heimasíðu – nýjar myndir sem rúlla.

**Þátttakendur í mati:**

Hópur 1: Sigga, Selma, Fanney, Hanna, Gugga og Kolla

Hópur 2: Hafdís, María, Eva, Bogdís og Steinunn

**Dags. 1.11. 2016**

Árangursvísir 5.4. Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

**Heildareinkunn: 5**

**Matssamantekt:**

**Sterku hliðarnar okkar:**

Hópur 1: Eigum gott samstarf við Varmahlíðarskóla. Höfum verið jákvæðar fyrir því að taka nema.

Hópur 2: Góð tengsl við Varmahlíðarskóla og mikill samgangur. Mættum fara fleiri ferðir á bókasafn með börnin.

Allir: Það er eingöngu skólahópurinn sem fer í heimsóknir í Varmahlíðarskóla.. Ekki hefur verið nemi hér síðan 2011.

**Veiku hliðarnar okkar:**

Hópur 1: Ekki skipuleg tengsl við [heimsóknir í] grunnskólann nema elstu börnin.

Hópur 2: Of sjaldan farið í skóginn og á bókasafnið.

**Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:**

Hópur 1:

Hópur 2: Góð tengsl við nágrannaskóla.

**Tillögur um aðgerðir:**

Hópur 1:

Hópur 2: Fara fleiri ferðir á bókasafnið. Nýta skóginn betur.

Allir: Það væri gaman að koma á tengslum við leikskólann á Hólum, t.d. með gagnkvæmum heimsóknum annað árið í Birkilund og hitt árið í Hóla

***Þátttakendur í mati:***

*Hópur 1:* Linda, Sigga, Gugga, Selma og Hanna.

*Hópur 2:* Aníta, Fanney, Bogdís, Eva, María, Kolla og Steinunn.

***Dags. 30.1.2017***

Árangursvísir 5.5. Samvinna starfsfólks

**Heildareinkunn: 5**

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

Hópur 1: Liðsheildin er góð á hverjum stað.

Hópur 2: Starfsfólk gerir sitt besta til að mynda góðan starfsanda.

***Veiku hliðarnar okkar:***

Hópur 1: Við erum á tveim stöðum og þess vegna hittumst við ekki nógu oft.

Hópur 2: Erum að vinna í 2 húsum svo að við hittumst minna vegna þess og það er ókostur. Dettum allar í neikvæða gírinn af og til.

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

Hópur 1:

Hópur 2:

***Tillögur um aðgerðir:***

Hópur 1: Það mætti virkja meir þá sem hafa eitthvað fram að færa og gefa tíma í það.

Hópur 2: Þurfum að hætta að detta í neikvæða gírinn og vera duglegar að ræða samskiptin okkar.

Allar: Hafa ákveðinn tíma í mánuði þar sem við hittumst, t.d. á kaffihúsi. Gefa tíma í það að þeir starfsmenn sem kunna til verka á ákv. sviði geti miðlað af þekkingu sinni til annarra.

***Þátttakendur í mati:***

*Hópur 1:* Linda, Sigga, Gugga, Selma og Hanna.

*Hópur 2:* Aníta, Fanney, Bogdís, Eva, María, Kolla og Steinunn.

***Dags. 30.1.2017***

## Lykilþáttur 6 Námsumhverfi leikskólans

### Árangursvísir 6.1. Húsnæði og almennur búnaður

#### **Heildareinkunn: 4**

##### **Matssamantekt:**

##### ***Sterku hliðarnar okkar:***

Hópur 1: F, Starfsfólk reynir að nýta rýmið á sem bestan hátt.

Hópur 2: Vel skipulagt húsnæði miðað við rýmið sem við höfum, þ.e. starfsfólk skipuleggur húsnæðið vel.

##### ***Veiku hliðarnar okkar:***

Hópur 1: A. Húsnæðið er ekki þægilegt, t.d. fataherbergi í Birkilundi. B. Viðhald er ekki nógu gott, t.d. vaskar, wc, gluggar, klæðning utaná húsi. C. Bílastæði. E. Vantar sal (börnin geta ekki verið í stórum hóp) + fleiri minni svæði.

Hópur 2: A. Mjög óhentugt að vera í tveimur húsum, t.d. vegna samskipta, samleiks o.þ.h. C. Bílastæði við Reyniland er mjög óhentugt og við Birkilund er það of lítið. E. Húsnæðið hentar ekki stórum hópum. Loka á hliði á Reynilandi virkar ekki mjög traust, hliðið opnast en ætti frekar að opnast inn.

##### ***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

Hópur 1:

Hópur 2: Við gerum gott úr því litla sem við höfum, þ.e. lítið húsnæði, gott starf. aðlögunarhæfni okkar er mjög góð.

##### ***Tillögur um aðgerðir:***

Hópur 1: Það þarf að laga lekan vask, krækjur á gluggum og klósett sem ekki rennur í nema annað slagið.

Hópur 2: Þurfum stærra húsnæði. Það þarf að bera á húsið að utan. Það þarf að laga Furuland ef á að nota það áfram. Það þarf að stækka bílastæði við Birkilund.

##### ***Þátttakendur í mati:***

Hópur 1: Selma, Sigga, Eva Dögg, Aníta og Bogdís

Hópur 2: Fanney, Eva Berglind, Hanna, Gugga og Kolla

##### ***Dags. 4.4.2017***



### Árangursvísir 6.2. Framboð námsgagna

#### **Heildareinkunn: 4**

##### **Matssamantekt:**

##### ***Sterku hliðarnar okkar:***

Hópur 1:

Hópur 2: Það er gott úrval af námsgögnum.

##### ***Veiku hliðarnar okkar:***

Hópur 1: A: Við vitum ekki fjárveitingu til leikskólans. C: Foreldrar eru ekki spurðir. F: Vantar meira skipulag á námsgögn.

Hópur 2: Vitum ekki mikið um fjárveitingar. Námsgögn eru í misjafnlega góðu ástandi. Staðsetning námsgagna er ekki nógu skipulögð og aðgengileg. Samnýting er ekki nógu mikil.

##### ***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

Hópur 1:

Hópur 2:

##### ***Tillögur um aðgerðir:***

Hópur 1: Ræða námsgagnakaup á foreldrafundi. Taka tíma í að skipuleggja og flokka námsgögn.

Hópur 2: Það mætti upplýsa starfsfólk meira um fjárveitingar. Það þarf að sortera námsgögn og hafa betra skipulag. Fá meira pláss fyrir námsgögn. Láta 1 manneskju halda utan um námsgögnin til þess að hafa betra skipulag og auðvelda samnýtingu.

##### ***Athugasemdir við árangursvísi:***

Hópur 2: Við viljum ekki að börn eða foreldrar velji námsgögn.

##### ***Þátttakendur í mati:***

Hópur 1: Aníta, Sigga, Fanney, Bogdís og Gugga.

Hópur 2: Linda, María, Selma, Hanna og Kolla

**Dags. 7.3.2017**

### Árangursvísir 6.3. Ráðning og hæfni starfsfólks

#### **Heildareinkunn: 5**

##### **Matssamantekt:**

##### ***Sterku hliðarnar okkar:***

Hópur 1:

Hópur 2:

***Veiku hliðarnar okkar:***

Hópur 1: Það mætti styðja betur við nýtt starfsfólk.

Hópur 2: Það þarf að sýna nýjum starfsmanni húsnæði, námgögn, starfsmannahandbók og þ.h.

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

Hópur 1:

Hópur 2:

***Tillögur um aðgerðir:***

Hópur 1:

Hópur 2: Það þarf að vera á hreinu hver tekur á móti nýjum starfsmanni og hver sýnir honum hvað. Hafa starfsmann til að sinna börnum sem eru t.d. með framburðarfrávik og/eða tvítyngd og hafa umsjón með sérkennslu.

***Þátttakendur í mati:***

Hópur 1: Aníta, Sigga, Fanney, Bogdís og Gugga.

Hópur 2: Linda, María, Selma, Hanna og Kolla

***Dags. 7.3.2017***

Árangursvísir 6.4. Starfsþróun og endurmat

**Heildareinkunn: 5**

**Matssamantekt:**

***Sterku hliðarnar okkar:***

Hópur 1: Það eru möguleikar fyrir starfsfólk til að þróast í starfið. Það er til staðar skipulag vegna starfsviðtala og til að meta starfið.

Hópur 2:

***Veiku hliðarnar okkar:***

Hópur 1:

Hópur 2: Það vantar bnetri upplýsingar um stefnu leikskólans/sveitarfélagsins varðandi möguleika á fræðslu og menntun í starfi.

***Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:***

Hópur 1:

Hópur 2:

***Tillögur um aðgerðir:***

Hópur 1:

Hópur 2:

***Þáttakendur í mati:****Hópur 1:* Aníta, Sigga, Fanney, Bogdís og Gugga.*Hópur 2:* Linda, María, Selma, Hanna og Kolla**Dags. 7.3.2017**Endurmat á [þróunaráætlun 2015-2016](#)

<b>Efnispáttur</b>	<b>Niðurstaða</b>
Deildagarstjórar hafa tækifæri til að sinna þroskamati og tíma til að sinna þeim stuðningi sem þörf er á svo ekki er þörf á að ráða sérkennslustjóra.	Deildarstjórar geta sinnt þroskamatinu eins og staðan er í dag, en hafa ekki svigrúm til að sinna stuðningi ef þörf er á því. Miðað við nemendafjölda og starfshlutfall verkefnisstjóra námsaðlögunar í Ársölum ættu 5 tímar á viku að tilheyra starfi sérkennslustjóra í Birkilundi.
Kennarar gefa sér tíma til að hlusta á börnin. Þeir eru vakandi fyrir því að þeir hlusti raunverulega á það sem börnin segja við þá.	Er í góðu lagi.
Kennarar leyfa börnunum að tjá sig. Kennarar gefa börnunum tækifæri til þess að segja það sem þeim liggur á hjarta.	Er í góðu lagi.
Á deildafundum er rætt um þroska barna. Rætt er um þau viðfangsefni sem unnið er með og hvernig þau geta stutt við þroskaferlið.	Mættum ræða oftari um þroska barna og viðfangsefni sem stutt getur við þroskaferlið. Þetta er mikið rætt í kring um foreldraviðtöl en minna á öðrum tíma. Minna á þetta aftur - ræða á deildarstjórafundum
Börnum á Könglalandi hefur fækkað þannig að nægilegt rými er fyrir börnin. Skipulagið er þannig að hlutirnir eru til staðar þar sem þarf að nota þá.	Það er verið að fara um húsið með börnin og hlutirnir af deildinni ekki alltaf til staðar. Gætum breytt hópastarfi þannig að börnin fara bara 1 x í viku út af sinni deild í hópastarf. Það vantar rými til að geta skipt hópunum upp í hópastarfinu og því erum við að nota Furuland fyrir 1 hópinn - ræða á deildarstjórafundum



Áætlun fyrir hvert barn er aðgengileg fyrir alla kennara á deild barnsins.	Það þarf að búa til áætlun fyrir hvert barn, þær eru ekki til - ræða á deildarstjórafundi
Starfsfólk fær fræðslu í barnaverndarmálum á þriggja ára fresti eða oftar.	Það eru meira en 3 ár liðin frá því við fengum slíka fræðslu síðast. Það þarf að passa uppá að það sé á a.m.k. 3 ára fresti. Ath. símenntunaráætlun.
Aðstaða fyrir stuðningskennslu er góð.	Það er engin aðstaða fyrir stuðningskennslu. Það þarf að fá herbergi þar sem efni til stuðningskennslu er við hendina og þar sé hægt að vera í næði. Það þarf stærra húsnæði.
Það er ákveðið ferli sem kennarar vinna eftir þegar barn kemur illa út í tilteknum þroskaþætti.	Já.
Við erum sammála því að skilgreining á hugtakinu börn með sérþarfir sé að það séu þau börn sem þurfa sérstakan stuðning vegna tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar	Já, þetta er okkar skilningur.

## Þróunaráætlun vegna innara mats í Birkilundi veturinn 2016-2017

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Ræða skipulag á hópstarfi			Erum við sáttar við skipulagið á hópstarfinu eins og það hefur verið undanfarið?	
Ræða skipulag á vali			Erum við sáttar við valið eins og það hefur verið framkvæmt undanfarið.	
Bæta upplýsingaflæði (5.1)	Leikskóla-stjóri og/eða starfsmaður sem tekur við skilaboðum.	Stöðugt í gangi	Skrifa á töflu á kaffistofu, t.d. fjarvistir starfsfólks. Láta líka vita á Reyniland.  Steinunn láti vita, þegar hún fer óvænt úr húsi, hvert hún fer og hverra erinda (skrifa á töflu á kaffistofu).	Ræða á fundi í október 2017

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Starfsmenn komi sínum sjónarmiðum á framfæri í stað þess að ala með sér óánægju (5.1).	Allir starfsmenn	Stöðugt í gangi	Starfsmenn þurfa að vera opnir fyrir því að taka gagnrýni. Sýna samábyrgð. Ekki taka persónulega því sem um er rætt.	Ræða á fundi í október 2017
Hafa mönnun nægilega til að sinna börnunum og öðrum þeim störfum sem þarf að sinna. (5.1)	Leikskólastjóri, deildarstjórar og kennarar	Stöðugt í gangi	Leikskólastjóri sé vakandi fyrir því hvort mönnun er nægileg og deildarstjórar láti vita ef svo er ekki á einhverjum tímapunkti.	Ræða á fundi í október 2017
Starfsfólk þarf að bæta sig í jafnrétti og réttisýni (5.2)			Það er mikilvægt að allir mæti á starfsmannafundi og annað það sem ætlast er til að allt starfsfólk taki þátt í.	

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Sinna betur barni með annað tungumál. (5.2)	Deildarstjóri		Lesi fyrir hana eina eða með fáum börnum. Það er hægt að skipta hópnum í lestri í hádeginu.	Er komið til framkv. 7.2.2017
Starfsfólk þarf að bæta sig í samvinnu við foreldra (5.3).	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Stöðugt í gangi	Þjófna foreldrum oftast í kaffi eða að fylgjast með starfi í leikskólanum, t.d. í íþróttahúsi eða tónlist.	Ræða á starfsmannafundi haust 2017
Uppfæra heimasíðu - nýjar myndir sem rúlla (5.3)	Leikskólastjóri	Apríl 2017	Finna myndir og sníða þær til - fá Jóhann tölvuumsjónarmann til aðstoðar	Sjá nýjar myndir rúlla á síðunni.
Fara fleiri ferðir á bókasafnið. (5.4)	Kennarar	Alltaf í gangi	Fá upplýsingar um hvenær er möguleiki að koma með hóp	Ræða á starfsmannafundi haust 2017
Nýta skóginn betur. (5.4)	Kennarar	Alltaf í gangi.	Hópstjórar setji skógarferðir inn í skipulag hópstarfsins.	Ræða á starfsmannafundi haust 2017
koma á tengslum við leikskólann á Hólum(5.4)	Leikskólastjóri	Haust 2017	með gagnkvæmum heimsóknnum annað árið í Birkilund og hitt árið í Hóla	Ræða á starfsmannafundi haust 2017

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Purfum að hætta að detta í neikvæða gírinn og vera duglegar að ræða samskiptin okkar. (5.5)	Allt starfsfólk	Alltaf í gangi	Hafa samskiptaumræðu fastan lið á starfsmannafundum.	Ræða á starfsmanna fundi haust 2017
Hafa ákveðinn tíma í mánuði þar sem við hittumst, t.d. á kaffihúsi. (5.5)	Allt starfsfólk	Alltaf í gangi	Ákveða tímasetningar og stað hverju sinni og vera duglegar að minna á og hvetja hver aðra að mæta.	Ræða á starfsmanna fundi haust 2017
Gefa tíma í það að þeir starfsmenn sem kunna til verka á ákv. sviði geti miðlað af þekkingu sinni til annarra. (5.5)	Allt starfsfólk	Haust 2017	Fá fram óskir um það sem fólk vill læra og hverju fólk er tilbúið að miðla.	Ræða á starfsmanna fundi haust 2017
Auka svigrúm til þess að hægt sé að sinna stuðningi þegar þörf er á.	Leikskólastjóri	Haust 2017	Miðað við starfshlutfall á Ársölum ættu 5 tímar á viku að tilheyra starfi sérkennslu-stjóra í Birkilundi og því þarf að bæta 1-2 klst á viku við undirbúningstíma á hverri deild.	Ræða á starfsmanna fundi haust 2017.



Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Ræða oft um þroska barna og viðfangsefni á deildarfundum.	Leikskólastjóri og deildarstjórn	Haust 2017	Nýta t.d. vinnu við TRAS til þess að vekja reglulega umræðuna.	Ræða á starfsmannafundi haust 2017
Skipulagja starfið þannig að hlutirnir séu til staðar þar sem þarf að nota þá.	Deildarstjórn	Apríl 2017	Gætum breytt hópastarfi þannig að börnin séu 1 x í viku á hinni deildinni í staðinn fyrir 2 x eins og er núna.	4.4.2017 Gengur vel.
Það vantar rými fyrir hópastarf. Eins og er nýtir skólahópurinn Furuland	Leikskólastjóri	Haust 2017	Annað hvort þarf að breyta skipulagi hópastarfs eða fá aukið leikrými.	Ræða á starfsmannafundi haust 2017
Það vantar aðgengilega áætlun fyrir hvert barn.	Deildarstjórn	Haust 2017	Með því að hafa aðeins í möppunum nýjustu upplýsingar verða þær aðgengilegri.	Ræða á starfsmannafundi haust 2017
Fá fræðslu í barnaverndarmálum	Leikskólastjóri	Haust 2017	Það þarf að passa uppá að fræðslan sé á a.m.k. 3 ára fresti og fá fyrirlesara innan þeirra tímamarka. Steinunn ætlar að kanna möguleika á því að fá slíka færðslu sem fyrst.	Staðfesta að námskeið hafi verið haldið. <b>Haldið 7.3.2017</b>

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Það vantar aðstöðu fyrir stuðningskennslu.	Leikskólastjóri	Haust 2017	Það þarf að fá herbergi þar sem efni til stuðningskennslu er við hendina og þar sé hægt að vera í næði. Það þarf stærra húsnæði.	Ræða á starfsmannafundi haust 2017
6.2 A: Það þarf að upplýsa starfsfólk um fjárveitingu og hvernig hún er nýtt til stuðnings við uppeldis- og menntastarfið.	Leikskólastjóri	Á hverju ári	Gera upplýsingar úr bókhaldi sýnilegar starfsfólki í upphafi hvers fjárhagsárs svo það geti séð hvernig fjárveiting hefur verið nýtt og hvaða fjármagni er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins.	Ræða á starfsmannafundi í febrúar ár hvert.
6.2. C: Afla hugmynda frá foreldrum við kaup á námsgögnum	Leikskólastjóri	Í lok hvers skólaárs	Ræða um námsgögn og áherslur leikskólans við stjórn foreldrafélags.	Staðfesting í fundargerð
6.2 D: Fylgjast með að námsgögn séu í góðu ástandi	Leikskólastjóri og starfsfólk	Haust 2017	Ákveðinn starfsmaður heldur utanum námsgögn og fylgist með ástandi þeirra.	Ræða á starfsmannafundi Vor 2018

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
6.2 F: Hafa námsgögn aðgengileg svo auðveldara sé að samnýta þau.	Leikskóla- stjóri og starfsfólk	Haust 2017	Ákveðinn starfsmaður heldur utanum námsgögn, flokkar þau og kemur upp ákveðnu skipulagi. Það þarf pláss sem er aðgengilegt af báðum (öllum) deildum	Ræða á starfsmanna- fundi Vor 2018
6.2 G: Flokka og skipuleggja námsgögn	Leikskóla- stjóri og starfsfólk	Haust 2017	Taka þarf tíma til að flokka og skipuleggja.	Ræða á starfs- mannaf. vor 2018
6.3 A: Styðja betur við nýtt starfsfólk, sýna húsnæði, námsgögn, starfsmannahandbók o.p.h.	Leikskóla- stjóri og deildars- tjórar	Haust 2017	Ræða á deildarstjórafundum hvernig við tökum á móti nýjum starfsmanni og hafa á hreinu hver sýnir honum hvað.	Ræða í fyrsta starfsmanna viðtali við nýja starfsmenn.
6.3. C: Sinna betur börnum með framburðarfrávik og/eða tvítýngd	Leikskóla- stjóri	Haust 2017	Ákveðinn kennari hefur umsjón með sérkennslu. Gera þarf ráð fyrir tíma til að sinna stuðningi og utanumhaldi.	Ræða á starfsmanna fundi í janúar.
6.4 B: Upplýsa starfsfólk um stefnu leikskólans/sveitarfélagsins varðandi starfsþróun.	Leikskóla- stjóri	Nóv. ár hvert	Hafa starfsáætlun leikskólans aðgengilegri fyrir starfsfólk, en þar er símenntunaráætlun leikskólans birt.	Ræða á starfsmanna fundi í janúar.

## Eftirfylgni

Þróunaráætlun er uppfærð reglulega eftir að tilteknir þættir í henni hafa verið endurmetnir. Hún er því lifandi plagg sem tekur breytingum í samræmi við það mat sem fram fer hverju sinni. Þannig er reynt að tryggja að þær aðgerðir sem ákveðnar hafa verið komist til framkvæmda í stað þess að vera aðeins orð á blaði sem gleymast í dagsins önn.

## Niðurstöður úr foreldrakönnun

Samræmd foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins var framkvæmd í mars. Hún mælir 29 þætti í sex flokkum. Könnunin var send til foreldra allra barna skólans. Svarhlutfall var 94,3%. Viðmiðunarhópur samanstóð af meðaltali foreldra úr 34 leikskólum.

Könnuninni er skipt upp í fimm efnisflokka. Þeir eru *daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok skólagöngu og sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta*. Hver efnisflokkur samanstendur af mismörgum matsþáttum.

1. Daglegt leikskólastarf	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Ánægja með leikskólann	56,7%	17/30	80,1%	-23,4%
Stjórnendur sýnilegur í daglegu starfi	95,5%	21/22	82,1%	13,4%
Ánægja barnsins í leikskólanum	100,0%	30	94,6%	5,4%
Hæfilegur fjöldi barna á deild	93,9%	31/33	88,1%	5,8%
Hollt mataræði	96,9%	15	89,0%	7,9%

Í flokknum *daglegt leikskólastarf* kemur fram að ánægja foreldra er yfir landsmeðaltali í 4 þáttum af 5. Í þættinum ánægja með leikskólann er

leikskólinn 23,4 prósentum undir landsmeðaltali. Nánari greining leiðir í ljós að foreldrar virðast almennt ánægðir með leikskólann, nema húsnæði og aðstöðu. Það eru ekki allir sammála því að leikskólastjóri sé sýnilegur í daglegu starfi. Það eru allir sammála um að börnin séu mjög ánægð, flestum finnst vera hæfilega mörg börn á deild, nánast allir eru sammála því að barnið fái hollan og góðan mat í leikskólanum, allir eru sammála því að barnið fái stuðning við nám og vegna hegðunar, að það sé hvatt til sjálfstæðis, því sé mætt á sanngjarnan hátt og það fái umhyggju og líkamlega umönnun. Flestir eru sammála því að það séu notaðar fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að safna og skrá þroska- og námsferil barnsins og að flest starfsfólk virðist hæft og metnaðarfullt.

2. Náms- umhverfi	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Vinnubrögð	94,7%	18/19	87,2%	7,5%
Aðastaða	87,0%	20/23	81,9%	5,1%
Félagsleg samskipti	100%	17	90,3%	9,7%
Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	24	96,5%	3,5%

Í flokknum *námsumhverfi* kemur fram að ánægja foreldra er í öllum þáttum yfir landsmeðaltali. Nánari greining leiðir í ljós að flestir eru sammála því að námsumhverfið taki mið af áhuga og reynslu, sé öruggt og hvetji til rannsókna, sköpunar og tilrauna, að barnið hafi aðgengi að fjölbreyttum efnivið, það hafi næg tækifæri til að leika sér og hreyfa sig og að barnið fái að njóta náttúrunnar með ýmsum hætti. Það eru allir sammála því að barnið læri að bera virðingu fyrir sér og öðrum, að það fái leiðsögn um ásættanlega hegðun, að það eigi vini í leikskólanum, að það læri tillitsemi við aðra og að það fái tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og reynslu í leik. Flestir eru

sammála því að barnið fái tækifæri til að efla félagsfærni sína og að það kynnist bakgrunni og menningu allra barnanna á deildinni.

3. Samskipti við foreldra	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Upplýsingamiðlun	77,4%	24/31	63,7%	13,7%
Þekking á stefnu og námskrá leikskólans	84,8%	28/33	80,7%	4,1%
Tengsl við starfsfólk leikskólans	96,9%	31/32	95,7%	1,2%
Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	88,5%	23/26	73,2%	15,3%
Tímasetning viðburða	77,4%	24/31	84,1%	-6,7%
Heimasíða leikskólans	75,0%	15/20	85,5%	-10,5%

Í flokknum *samskipti við foreldra* kemur fram að ánægja með samskipti við foreldra er yfir landsmeðaltali í öllum þáttum nema einum. Nánari greining sýnir að það eru allir sammála því að börnum af ólíkum uppruna og menningu sé mætt á sanngjarnan hátt og að réttindi beggja kynja séu virt á deildinni. Flestir eru sammála því að leikskólakennarar séu vakandi fyrir því að öll börn tilheyri barnahópnum og að þess sé gætt að ekkert barn sé útilokað úr hópnum. Flestir eru sammála því að þeir fái nægar upplýsingar um þroska og námsframvindu barnsins, að þeir séu vel upplýstir um viðfangsefni sem unnið er að á deildinni, að þeir fái að heyra þegar barninu gengur vel og að þeir fái nægar upplýsingar frá deildarstjóra. Allir eru sammála því að þeir fái næg tækifæri til að miðla upplýsingum um barnið

og fjölskylduna til deildarstjóra og leikskólakennara, að þeir séu látnir vita af fundum og sérstökum viðburðum, að hlustað sé á skoðanir þeirra varðandi nám og þroska barnsins og að starfsfólk sé áhugasamt og samstarfsfúst þegar það ræðir um barnið. Nokkrir eru ekki sammála því að það séu nýttar fjölbreyttar leiðir við upplýsingagjöf um starfið á deildinni. Flestir telja sig töluvert eða vel upplýsta um stefnu og námskrá leikskólans, að þeir séu í góðum tengslum við þá sem vinna á deild barnsins og að þeir séu hvattir til að taka þátt í leikskólastarfinu. Nokkrir eru ósammála því að atburðir í leikskólanum, sem foreldrum er ætlað að taka þátt í, séu tímasettir þannig að þeir geti sótt þá og að upplýsingar á heimasíðu leikskólans séu gagnlegar.

4. Upphaf og lok leikskólagöngu	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Leikskólabyrjun	100,0%	5	70,9%	29,1%
Flutningur milli skólastiga	71,4%	5/7	71,4%	0,0%
Flutningur milli deilda	88,9%	24/27	86,9%	2,0%

Í floknum *upphaf og lok leikskólagöngu* eru tveir þættir mjög nálægt landsmeðaltalinu. Það eru fáir sem svara varðandi leikskólabyrjun því ekki marktækur munur í samanburði við landsmeðaltalið þrátt fyrir að prósentan sé langt fyrir ofan. Nánari greininga sýnir að af þeim sem svara eru flestir sáttir við aðlögunarferlið við upphaf leikskólagöngu barnsins, samstarf við grunnskólann og undirbúning að flutningi milli skólastiga. Það eru ekki allir sammála því að þeir fái að vera virkir þátttakendur í undirbúningi að flutningi milli skólastiga og það eru ekki allir sáttir við að aðkomu sína að flutningi barnsins á milli deilda.

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Hlutfall sérkennslu og stuðnings	18,8%	6/32	16,7%	2,1%
Hlutfall sérfræðipjónustu	6,2%	2/32	14,3%	-8,0%

Í flokknum *sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta* erum við rétt yfir landsmeðaltali hvað varðar fjölda þeirra sem hafa fengið sérkennslu eða sérstakan stuðning á skólaárinu en undir landsmeðaltalinu hvað varðar fjölda þeirra sem óskað hefur verið eftir sérfræðipjónustu fyrir á skólaárinu.

### Samantekt úr opnum svörum

#### Það sem foreldrum finnst gott við leikskólann:

Barnið er sátt við að fara í leikskólann, það lærir ýmislegt sem foreldrar hafa ekki tök á að kenna þeim heima, eins og tákni með tali. Börnin eru glöð að fara í leikskólann og njóta þess að vera þar. Börnin fá að prufa margt, t.d. í skólahóp, eru örugg og upplifa traust í sambandi sínu við leikskólakennara. Barnið verulega ánægt í leikskólanum. Barninu líður vel í leikskólanum og finnst leiðinlegt að komast ekki þangað.

Umhverfið er gott. Frábært útivistarsvæði. Leikskólagarðurinn er vel nýttur. Menntunin er góð. Fjölbreytni í starfinu. Frábær garður og býsna fjölbreytt verkefni og uppákomur. Gott og þægilegt starfsfólk sem ber umhyggju fyrir börnunum og sýnir gott og vinalegt viðmót, sýnir fagmennsku og að hvert barn skiptir máli. Það er gott að eiga samskipti við starfsfólkið og auðvelt að ræða við það um barnið. Börnunum er vel sinnt. Foreldri finnst barnið vera í öruggum höndum. Jákvætt að það sé lítil starfsmannavelta. Starfsfólk gerir það allra besta í lélegri aðstöðu innan húss. Starfsfólk sýnir nemendum



virðingu. Persónuleg nánd. Opið og gott viðmót. Yndislegt starfsfólk. Allir leggja sig fram í að gera það besta úr öllum hlutum.

Persónulegur, heimilislegur leikskóli af passlegri stærð þar sem unnið er af metnaði. Lítil eining þar sem hver og einn skiptir máli. Góð staðsetning. Stutt í náttúruna, skóginn og fleira. Skjólgt umhverfi og þægilegt að komast í nánast allar áttir. Yndislegur leikskóli í fallegu umhverfi.

Það er verið að nota útisvæði (úतिकеннslu) og samstarf við grunnskólann til þess að efla faglegt starf sem er ánægjulegt og traustvekjandi frá sjónarhóli foreldra. Mikið er unnið með þá sem eru í skólahóp svo þau hljóta að verða öruggari með sig við upphaf skólagöngu.

### **Það sem foreldrum finnst slæmt eða að megi betur fara:**

Aðstaða í fatahengi er þröng og lítil. Það mætti dreina lóð svo vatn safnist ekki svona mikið saman í gönguleið inn í skólann. Bílastæðin eru þröng og erfið. Skólabílar loka fyrir stæði á bílplaninu á morgnana. Það vantar betri aðstöðu fyrir starfsfólk. Sumar hurðirnar eru þungar og börnin gætu klemmt sig á þeim. Það þarf að bæta húsnæðið, það er alltof lítið fyrir starfsemina. Það þyrftu að vera fleiri herbergi til að loka af svo hægt sé að hafa meiri ró. Ekki gott að þessi litli leikskóli sé á tveimur stöðum. Ef leikskólinn væri í grunnskólanum þá yrði barnið minna vart við breytinguna að fara í 1. bekk.

Það mætti bæta matinn. Það eru kartöflur eða pasta á hverjum degi. Það ætti ekki að vera þörf fyrir kjötálegg (skinka/kæfa/malakoff) í síðdegisdrykk ef það hefur verið í hádegismat. Kakósúpa ekki heima á matseðli fyrir leikskólabörn og of oft er sætabrauð í boði. Morgunmaturinn mætti vera fjölbreyttari, t.d. hafragrautur alla morgna þannig að börnin hafi val um að fá sér morgunkorn eða hafragraut. Það mætti hafa ávexti með morgunmatnum.

Það mætti vera meiri útivist. Dagskráin er of þétt: stafur vikunnar, regla, litur og bók, íþróttahús og tónlist. Hef heyrt að leikskólinn noti skóginn til að leika sér í en ég hef ekki hugmynd um hvort börnin fari þangað einu sinni í viku eða þrisvar á ári.

Er ekki viss um að barnið læri að sumt er bannað. Veit ekki hvort börnunum er kennt um tilfinningar og hvernig á að takast á við þær, þ.e. að það sé í lagi að vera leiður, svekkur eða reiður. Gerir ráð fyrir að þetta sé eitthvað sem væri hægt að ræða við starfsfólk.

Það mætti skrifa á minnistöfluna þegar eitthvað er á döfinni svo maður missi síður af eða gleymi. Það er stundum eins og foreldrar eigi að vita hvað er um að vera. T.d. að foreldrar séu kynntir fyrir nýjum starfsmönnum eða að þeir kynni sig fyrir foreldrum. Það má ekki gleymast að það eru að koma inn nýir foreldrar sem vita ekki nákvæmlega hvernig starfið virkar eða hvað eru um að vera. Það þarf að bæta upplýsingaflæðið, t.d. varðandi afleysingastarfsmann. Mundi vilja að deildin væri með lokaðan hóp á Facebook sem einungis foreldrar barna hefðu aðgang að , þar sem hægt væri að setja inn fréttir og myndir. Sumir starfsmenn virka oft áhugalausir og mættu taka sig á í því að heilsa foreldrum og börnum og taka betur á móti börnum á morgnana.